



SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsufelli 4, 2F
111 Reykjavík
www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Undirbúningsnámskeið vegna borgaralegrar fermingar Kynning

Fyrir hverja: Borgaraleg ferming er fyrir öll ungmenni. Námsgeta, uppruni, trúarskoðanir, fatlanir o.s.frv. eiga ekki að þurfa að koma í veg fyrir þátttöku. Fjölbreytt mannlíf er álitinn kostur. Ef það eru einhverjir erfiðleikar sem þátttakendur eru að takast á við og kunna að hafa áhrif á þátttöku þá endilega setjið ykkur í sambandi við umsjónarmann námskeiðanna Jóhann Björnsson (johann@sidmennt.is / 8449211)

Markmið: Markmið námskeiðsins er að efla heilbrigð og farsæl viðhorf ungmenna til lífsins. Leitast er við að styrkja ábyrgðarkennd þátttakenda og virðingu fyrir sjálfum sér, umhverfi sínu og öðru fólki. Mikið er lagt upp úr umhugsunarvirkni, að hugsa og hugsa gagnrýnið og skapandi. Að leyfa sér að undrast, spyrja og rökræða eru þættir sem mikið er lagt upp úr. Einnig er mikið lagt upp úr því að þátttakendur fái að hugsa á þeim nótum sem heimspekileg siðfræði leggur upp með.

Með gagnrýnu hugarfari nálgumst við síðan hin ýmsu viðfangsefni eins og vikið verður að hér á eftir. Fyrir utan það að þjálfra gagnrýna hugsun og að hugsa í samræmi við nálgun siðfræðinnar þá eru fræðsluinnlegg um hin ýmsu mál.

Námskröfur: Mikil áhersla er lögð á umhugsunarvirkni þátttakenda og að þeir séu duglegir við að taka afstöðu og mynda sér sjálfstæðar skoðanir á því sem er til umfjöllunar hverju sinni. Mikið er lagt upp úr rökræðum í tímum. Það er lítið lesið og skrifað. Hvorki er heimavinna né próf, en skyldumæting er í tíma.

Námsþættir:

Gagnrýnin hugsun. Gagnrýnin hugsun felst í því að staldra við og skoða hvað býr að baki þeim upplýsingum, fullyrðingum og skoðunum sem hellast yfir okkur á degi hverjum. Dæmi um spurningar sem sá gagnrýni spyr eru: Hvernig veistu? Getur þú útskýrt betur? Hvaða ástæðu hefur þú fyrir því sem þú segir? Hefur þú sannanir? Hver eru rökin? Eru önnur sjónarmið til staðar og aðrar hliðar á málinu? Hverjar eru afleiðingarnar?

Skapandi hugsun. Þátttakendur fá tækifæri til að láta sköpunargáfuna í ljós og virkja ímyndunarafl sitt í nokkrum verkefnum sem unnin eru.

Að búa í auglýsinga- og neyklusamfélagi. Mörg tilboð berast ungu fólki. Sum þeirra eru án efa mjög freistandi en eru ekki endilega góð. Í þessum námsþætti eru lífsgildin rökrædd og aulýsingar og tilboð ýmiskonar skoðuð með gagnrýnu hugarfari. Spurt er hvað þarf maður að hafa í huga áður en maður tekur tilboði sem freistar manns?

Siðfræði. Siðfræði er sú grein heimspekinnar sem fjallar um rétt og rangt, gott og illt og hvernig lífi sé best að lifa. Þátttakendur fá að greina og takast á við ýmis siðferðileg álitamál.

Mannréttindi og jafnrétti. Tekin eru fyrir ýmis mál sem hafa með mannréttindi, réttlæti og jafnrétti kynjanna að gera.

Fjölmennningarleg færni. Samfélag okkar hefur tekið miklum breytingum að undanfögnu. Fjöldi ólíkra einstaklinga býr nú í samfélaginu og hefur mikilvægi þess að vera fær í samskiptum aukist að sama skapi. Fjallað eru um fordóma og samskipti í fjölmennningarlegu samfélagi.

Um samskipti unglunga og fullorðinna. Fjallað er um samskipti unglunga og fullorðinna, einkum foreldra og unglunga.

Að efast, um dularfullar gáttur tilverunnar. Margt er til sem erfitt er að útskýra. Ýmis dularfull fyrirbæri verða skoðuð og fá þátttakendur að velja því fyrir sér hvað má taka trúanlegt og hvað ekki.

Að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Skoðað er mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfinu. Lögð er áhersla á að fá þátttakendur til að íhuga ýmislegt sem hefur með umhverfismál að gera og tengist fyrst og fremst hversdagslegu lífi. Dæmi um viðfangsefni sem tekið hefur verið fyrir er velferð og réttindi dýra.

Sjálfsmyndin og samskipti kynjanna. Sjálfsmyndin er samansafn allra þeirra hugmynda sem maður hefur um sjálfan sig. Fátt er mikilvægara en góð sjálfsmynd. Fjallað er um sjálfsmynd unglunga og samskipti kynjanna.

Um skaðsemi áfengis og vímuefna. Fjallað um skaðsemi áfengis og vímuefna.

Að rökræða í stað þess að rífast. Þátttakendur fá að skiptast á skoðunum og spreyta sig á heimspekilegri rökræðu í anda Sókratesar. Ýmis mál og heimspekilegar spurningar verða tekin fyrir, en í öllum samræðum þar sem ólík sjónarmið mætast er virðingin fyrir öðrum þátttakendum mjög mikilvæg. Gerður er greinarmunur á kappræðum annarsvegar og rökræðum hinsvegar. Með því að rökræða hjálpumst við að við að komast að því sem er satt og rétt.

Foreldrar / forráðamenn boðnir velkomnir. Undir lok námskeiðs, ýmist í næstsíðustu eða síðustu kennslustund eru foreldrar / forráðamenn boðnir velkomnir. Þar fá þeir að kynna þá sem gert var á námskeiðinu, skiptast á skoðunum, spyrja og koma með tillögur um það sem betur má fara. Foreldrar fá boð um þennan tíma þegar þar að kemur.

Umsjónarmaður námskeiðs og aðalkennari er Jóhann Björnsson kennari og MA í heimspeki. Öll forföll ber að tilkynna til hans í síma 8449211 eða í netfangið johann@sidmennt.is.

Kennsludagar og kennslustaðir:

12 vikna námskeið verður haldið í Kvennaskólanum við Fríkirkjuveg sem hefst í vikunni 4. - 8. jan. Hver hópur mætir einu sinni í viku. Tímarnir hefjast kl. 16.40 mán - fim en á föstudögum hefjast þeir kl. 15.40.

Haldið verður helgarnámskeið, ætlað börnum utan af landi, helgarnar 30 - 31. jan og 27. – 28. feb í Réttarholtsskóla kl. 10 - 16 laugardagana en 10 - 15 sunnudagana.

Námskeið verður haldið á Akureyri 5.- 6. mars og 2. – 3. apríl , laugardagana kl. 10 - 16 og sunnudagana kl. 10 – 15 í Verkmenntaskólanum.

Kennarar:

Jóhann Björnsson kennari og MA í heimspeki ber ábyrgð á námskeiðunum og kemur að kennslunni í öllum hópum. Auk hans kenna heimspekikennararnir Egill Viðarsson, Ylfa Björg Jóhannesdóttir, Skúli Pálsson, Stefanía Pálsdóttir og Sævar Finnbogason. Dagbjört Ásbjörnsdóttir kennir um sjálfsmynd unglinga og samskipti kynjanna, Trausti Freyr Reynisson fræðir um skaðsemi vímuefna. Á Akureyri kennir Valgerður Dögg Jónsdóttir.

Frekari upplýsingar:

Frekari upplýsingar um námskeiðið veitir Jóhann Björnsson í síma 8449211, johann@sidmennt.is